



Elínborg Sturludóttir

Göngum til góðs! „Lengsta ferðalagið sem við förum í er innra með okkur sjálfum“ er haft eftir Dag Hammar-skjöld, f.v. aðalritara Sameinuðu Þjóðanna. Síðustu daga höfum við sem erum frambjóðendur til biskups Íslands verið á ferð um landið allt, hitt kjörmenn og fengið að kynna þeim málum sem helst brenna á kirkjunnar fólki. Mig langar að þakka hlýjar og gefandi móttökur í öllum landshlutum og hvar sem okkur hefur verið mætt.

Nú líður að kosningunum sjálfum og því vil ég nota þetta tækifæri að segja þér í örstuttu máli frá mér og þeirri sýn sem ég hef á hlutverk biskups Íslands.

Ég er alin upp í Stykkishólmi þar sem var gott að slíta barnsskónum. Fór að heiman til að ganga mennta-veginn, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík, stundaði frönskunám í Frakklandi, lauk BA-próf í heimspeki og kandidateitpróf í guðfræði með námsdvöl í Danmörku. Eftir það bjuggum við maðurinn minn, Jón Ásgeir Sigurvinsson, ásamt börnum okkar í Þýskalandi, þar sem Jón Ásgeir lagði stund á doktors-nám. Hann starfar nú sem héraðsprestur og sinnir kennslu í biblíufræðum við Háskóla Íslands. Við eigum þrjú börn á aldrinum 17 til 26 ára.

Ég vígðist til Grundarfjarðar árið 2003, var svo sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði og þjóna nú við Dómkirkjuna í Reykjavík. Þannig hef ég borið gæfu til að kynna starfi þjóðkirkjunnar sem vígður þjóni í bæ, sveit og borg.

Ástríða mín í starfinu er pílagríma- og umhverfisguðfræði en hún tengir okkur við trúarlega þörf nútímamanneskjunnar fyrir að vera í jafnvægi og sáttt við sköpunarverkið og náungann. Þetta hef ég þróað og ræktað í umhverfi sveitakirkjunnar, erlendis og í hjarta Reykjavíkur. Þá göngum við milli helgra staða en ferðumst einnig um innra landslag okkar í upplifun trúar og huggunar, enda er pílagrímaförin kölluð bænalíf með fótunum.

Verði ég kjörin biskup Íslands mun ég:

- Hlúa að einingu og friði í lífi þjóðkirkjunnar.
- Styrkja stöðu safnaðanna með því að ganga eftir því að sóknargjaldalögin verði fest í sessi og fjárhagur safnaðanna verði þar með treystur.
- Efla og standa vörð um vandaða stjórnsýslu og faglega leiðsögn með sanngjarnri og ábyrgri stjórnun.
- Auka hlut fræðslu, kennslu og boðunar á vegum kirkjunnar fyrir fólk á öllum aldri.
- Móta frekar samskiptastefnu þjóðkirkjunnar og ydda áherslu og nálgun sem kemur boðskap kristinnar trúar á framfæri í fjölmenningsfélags dagsins.
- Standa vörð um og efla kærleiksþjónustu kirkjunnar í söfnuðum og Hjálparstarfi kirkjunnar.
- Styðja við nýjungar, fjölbreytni og endurnýjun í helgihaldi kirkjunnar.
- Ganga til góðs með prestum, próföstum, djáknum og öðru trúnaðarfólki þjóðkirkjunnar.
- Tala til samfélagsins á stórum stundum og vera talsmaður kristinna lífsgilda í samfélagsmæðunni.

Biskup Íslands er fyrst og fremst trúarlegur leiðtogi sem prédikar og leiðir bænalíf þess samfélags sem þjóðkirkjan er. Biskup þarf að bera gæfu til að eiga gott og uppbyggilegt samstarf við kirkjuþingi og aðra leiðtoga þjóðkirkjunnar. Örugg boðun í trú og gleði, sáttt og samlyndi, með vandaðri stjórnun, verður mín nálgun.

Verið velkomin að fylgjast með ferðalaginu mínu í biskupskjöri á heimasíðunni:
<https://elinborgsturludottir.is> og í facebook hópnum: <https://www.facebook.com/profile.php?id=61557164527668>



Guðmundur Karl Brynjarsson

Guðmundur Karl Brynjarsson er fæddur og uppalinn í Keflavík. Foreldrar hans eru Kristín Guðrúnar Torfadóttir og Brynjar Vilmundarson. Hann er yngstur barna þeirra. Systur hans eru Brynja, Lára og Guðlaug.

Hann er kvæntur Kamillu Hildi Gísladóttur, sem er kennari að mennt en starfar nú sem þjónustufulltrúi hjá VIRK. Börn þeirra eru Kristín Gyða, Felix Arnkell og Brynjar Karl.

Kristín Gyða er gift Ólafi Inga Jónssyni. Dætur þeirra Kamilla Birta og Sóley Kristín.

Sambýliskona Felixar er Kinga Wakulowska. Kærasta Brynjars Karls er Eva Sigurðardóttir.

Kamilla Hildur fæddist í Eþíópíu þar sem foreldrar hennar, Katrín Þ. Guðlaugsdóttir og Gísli Arnkelsson þjónuðu sem kristniþóðar í Konsó í samtals 10 ár.

Guðmundur Karl segist ekki hafa verið mikill námsmaður og í raun fest hugann við fátt annað en íslenskugreinar og ljóð.

Hann svindlaði á prófi einu sinni á ævinni og var það í Biblíusögum. Upp komst um svindlið og hann lét sér það að kenningu verða.

Grunn- og framhaldsskólaganga Guðmundar Karls einkenndist mest af virkri þátttöku í félagslífinu, hljómsveitabrölti og síðast en ekki síst ritnefndarstörfum fyrir nánast öll skólablöð sem komu út á þeim tíma eftir að eitthvað fór að honum að kveða. Honum sóttist stúdentsnámið í Fjölbrotaskóla Suðurnesja seint, enda heillaði meira hið ljúfa líf á þeim árum.

Hann tók þó við sér í náminu eftir að hann öðlaðist trú á Guð, lífið og framtíðina og tók námið föstum tókum á endasperttinum.

Hann lauk stúdentsprófi í desember 1988.

Veturinn 1989-90 sótti Guðmundur nám við Biblíuskólann Fjellhaug í Osló.

Haustið 1990 hóf hann nám í Guðfræðideild HÍ sem hann lauk 1995.

Guðmundur Karl var kallaður til prestsþjónustu fyrir Kristilegu skólahreyinguna og vígður í febrúar 1996.

Árin 1998 til 2000 þjónaði hann Skagastrandarprestakalli og hann fullyrðir að Skagstrendingar hafi alið hann upp sem prest.

Árið 2000 fékk hann veitingu fyrir þjónustu prests við Hjallaprestakall í Kópavogi og starfaði þar til ársins 2002. Hann hefur verið sóknarprestur Lindaprestakalls frá stofnun þess 1. júlí 2002. Þar þjóna, auk hans prestarnir Dís Gylfadóttir og Guðni Már Harðarson og djákninn Áslaug Helga Hálfðánardóttir. Sem sóknarprestur hefur Guðmundur Karl lagt áherslu á að virkja gott fólk til samstarfs, hlusta eftir góðum hugmyndum, veita þeim í réttan farveg og leyfa samstarfsfólki sínu að blómstra í hæfileikum sínum, öðrum til blessunar og kirkjunni til heilla.

Nánar má kynna sér Guðmund Karl Brynjarsson á heimasíðu hans www.gummikalli.is



Guðrún Karls Helgudóttir

Hér kemur stutt kynning á mér og mínum helstu áhersluatriðum í biskupskjöri.

Ég vígðist til prests 11. janúar 2004 í Gautaborg og hef þjónað sem prestur og sóknarprestur í Svíþjóð og í Grafarvogssókn síðan. Í Gautaborg var ég annars vegar prestur í úthverfi og hins vegar á landsbyggðinni. Ég hef langa og farsæla reynslu af því að starfa sem leiðtogi innan kirkjunnar, í söfnuðum hérlendis og erlendis sem hafa á að skipa fjölda starfsfólks. Ég á auðvelt með að leiða saman ólíka hópa og fá fólk til að vinna saman og stefna í sömu átt. Ég hef góða þekkingu á kirkjunni, stjórnskipun hennar og innviðum eftir að hafa setið á kirkjuþingi, í stjórn Prestafélags Íslands og gegnt fjölmörgum stjórnar- og trúnaðarstörfum á vegum kirkjunnar.

Ég gef kost á mér því ég vill leiða kirkju í sókn. Þjóðkirkju sem gerir sig gildandi í nútíma samfélagi vegna þess að hún hefur trú á erindi sínu, boðskap og þjónustu. Ég legg ríka áherslu á að kirkjan sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk er metið að verðleikum, fær uppörvun í starfi, handleiðslu og endurmenntun. Ég vil gera það sem ég get til að sóknarnefndarfolk fái þann stuðning er þau þarfnast til þess að sinna sínu mikilvæga hlutverki og gera þeim auðveldara með að reka sína söfnuði. Þá vil ég færa biskupsembættið nær kirkjuþingi um allt land með því að biskup verði með færanlega skrifstofu og verði ein viku á ári í hverjum landshluta.

Kirkjan verður að horfa til framtíðar er varðar fjárhagslegan grundvöll bæði hvað varðar viðbótarsamninginn og sóknargjöldin. Ég hyggst ég leggja á áramur með kirkjuþingi hvað þau þarfnast til þess að leita nýrra leiða til að treysta fjárhagslegan grundvöll sóknanna í landinu, vinna með markvissum hætti að fjölgun meðlima og halda vel utan um félagatal kirkjunnar. Öflug kirkja í sókn er sjálfstæð kirkja sem þekkir samtíma sinn og boðar kristindóminn af sjálfstrausti og metnaði og nær til allra kynslóða.

Eitt mikilvægasta verkefni nýs biskups á komandi árum verður að leiða kirkjuna í breyttu umhverfi nútímans og halda áfram að búa henni góðan stað í umhverfi þar sem ekki er lengur litið á kirkjuna sem sjálfsgöða. Staða kirkjunnar í samtímanum hefur breyst hratt á undanföllum árum af ólíkum ástæðum. Samfélagið hefur orðið ríkara og fjölbreyttara eftir því sem fleira fólk frá öðrum löndum, öðrum trúarbrögðum eða kirkjudeildum hefur sest hér að. Sífelld fleiri Íslendingar velja að vera utan trúfélaga. Oft á tíðum hefur sú ákvörðun ekkert með trú að gera, heldur vill fólk ekki tilheyra skipulögðum trúarbrögðum eða trúfélagi. Kristinfræði er kennd í minna mæli í grunnskólum sem leiðir til þess að ungt fólk þekkir síður sögur Biblíunnar og veit þar af leiðandi minna um trú og menningu þjóðarinnar. Þetta er staða sem kirkjunni ber að taka alvarlega. Á síðustu öld var kirkjan í samfélaginu miðju. Nú þarf kirkjan sjálf að taka sér rými og sækja fram sem kirkja sem er stolt af erindi sínu og hefðum. Ég vil leiða kirkju sem stígur fram af öryggi og trúir því að hún eigi erindi við samtímamann; verið kirkja í sókn.

Kirkja í sókn tekur hlutverk sitt alvarlega, er fagleg í þjónustu sinni jafnt í söfnuðum sem og í sérþjónustu og hlúir vel að öllum sínum þjónum, starfsfólki og sóknarnefndarfolkum. Kirkja í sókn er sýnileg því hún er stolt af erindi sínu, fagnaðarerindinu sjálfu. Þetta er sú kirkja sem ég mun veita forystu verði ég kjörin biskup Íslands.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni minni www.gudrunkarlshelgudottir.is og á facebooksíðunni <https://www.facebook.com/gudrunkarlshelgudottir>